

Sýslumaður Norðurlands vestra
06 444

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Starfspáttayfirlit	6
Skýringar	7

Sýslumaður Norðurlands vestra

kt. 660914-0990

Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduós

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Sýslumaður Norðurlands vestra er ríkisaðili í A-hluta. Um sýslumenn gilda lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnslu ríkisins í héraði.

Sýslumenn fara með framkvæmdarvald og stjórnslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi, eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Þar á meðal fara þeir með innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum.

Embætti sýslumanna heyra undir ráðherra, nú dómsmálaráðherra, samkvæmt forsetaúrskurði nr. 15/2017 um skiptingu sjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og forsetaúrskurði nr. 4/2017 um skiptingu stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 260,9 milljónir og afkoma kr. 9,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 12,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 69,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Sýslumanns Norðurlands vestra í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumanns Norðurlands vestra fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Birna Ágústsdóttir,
sýslumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	254.850.000	260.495.285
Seld þjónusta	3	4.963.450	5.590.896
Framlög og ýmsar tekjur	4	286.780	431.882
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	823.537	569.174
Tekjur samtals		260.923.767	267.087.237
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	215.731.169	226.804.429
Annar rekstrarkostnaður	6	35.207.331	33.545.825
Afskriftir	7	823.537	569.174
Gjöld samtals		251.762.037	260.919.428
Afkoma fyrir fjármagnsliði		9.161.730	6.167.809
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(1.764)	(10.249)
		(1.764)	(10.249)
Afkoma ársins		9.159.966	6.157.560

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		8.083.826	1.843.022
Aðrar eignir		73.845	77.897
		<u>8.157.671</u>	<u>1.920.919</u>
Fastafjármunir samtals		<u>8.157.671</u>	<u>1.920.919</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	9	60.940.918	34.020.555
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		613.467	2.917.899
Handbært fé	10	143.176	702.859
Veltufjármunir samtals		<u>61.697.561</u>	<u>37.641.313</u>
Eignir samtals		<u>69.855.232</u>	<u>39.562.232</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign		12.018.936	2.858.970
Eigið fé samtals		<u>12.018.936</u>	<u>2.858.970</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	19.961.260	3.095.217
Viðskiptaskuldir		5.213.287	2.505.787
Ýmsar skammtímaskuldir	12	27.404.688	26.621.660
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	5.257.061	4.480.598
Skuldir samtals		<u>57.836.296</u>	<u>36.703.262</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>69.855.232</u>	<u>39.562.232</u>
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		9.159.966	6.157.560
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	823.537	569.174
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(823.537)	(569.174)
		<u>9.159.966</u>	<u>6.157.560</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		2.304.432	14.476.244
Tengdir aðilar		(15.514.609)	(21.400.583)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		3.490.528	369.485
		<u>(9.719.649)</u>	<u>(6.554.854)</u>
		<u>(559.683)</u>	<u>(397.294)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(7.060.289)	(777.155)
		<u>(7.060.289)</u>	<u>(777.155)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		5.460.289	0
Fjárfestingarframlag		1.600.000	777.155
		<u>7.060.289</u>	<u>777.155</u>
		<u>(559.683)</u>	<u>(397.294)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		702.859	1.100.153
		<u>143.176</u>	<u>702.859</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2021, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Sýslumaður Norðurlands vestra 06 444 101	Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar 06 444 105	Samtals 2021
	Málefna svið - málaflokkur		
	10 30	10 30	
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	137.650.000	117.200.000	254.850.000
Seld þjónusta	163.450	4.800.000	4.963.450
Framlög og ýmsar tekjur	286.780	0	286.780
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	540.334	283.203	823.537
Tekjur samtals	138.640.564	122.283.203	260.923.767
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	109.476.066	106.255.103	215.731.169
Annar rekstrarkostnaður	23.465.257	11.742.074	35.207.331
Afskriftir	540.334	283.203	823.537
Gjöld samtals	133.481.657	118.280.380	251.762.037
Afkoma fyrir fjármagnsliði	5.158.907	4.002.823	9.161.730
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(1.764)	0	(1.764)
	(1.764)	0	(1.764)
Afkoma ársins	5.157.143	4.002.823	9.159.966
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:			
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	141.900.000	116.200.000	258.100.000
Millifært úr varasjóð	1.200.000	1.000.000	2.200.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	(5.450.000)	0	(5.450.000)
Fjárveiting til tekna	137.650.000	117.200.000	254.850.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(132.492.857)	(113.197.177)	(245.690.034)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	5.157.143	4.002.823	9.159.966
Staða fjárveitinga 2020 í lok þess árs	5.717.619	(2.858.649)	2.858.970
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	10.874.762	1.144.174	12.018.936
	10.874.762	1.144.174	12.018.936
Fjárfestingar			
Fjárveiting ársins skv. fjárlögum	1.600.000	0	1.600.000
Fjárfesting á árinu	(5.334.822)	(1.725.467)	(7.060.289)
Staða fjárfestingafjárveitingar	(3.734.822)	(1.725.467)	(5.460.289)
Staða fjárfestinga 2020 í lok þess árs	3.504.781	(945.102)	2.559.679
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2021	(230.041)	(2.670.569)	(2.900.610)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað / 10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2021 2020

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	254.850.000	260.495.285
Tekjufærsla frestaðra tekna	823.537	569.174
	<u>255.673.537</u>	<u>261.064.459</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	258.100.000	0	0	258.100.000
Millifært úr varasjóð	2.200.000	0	0	2.200.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	(5.450.000)	0	0	(5.450.000)
Fjárveiting til tekna	254.850.000	0	0	254.850.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(245.690.034)	0	0	(245.690.034)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	9.159.966	0	0	9.159.966

2021 2020

3 Seld þjónusta

Verksala	4.963.450	5.590.896
	<u>4.963.450</u>	<u>5.590.896</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	286.780	431.882
	<u>286.780</u>	<u>431.882</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	174.361.350	181.511.905
Orlof, breyting	721.470	3.743.265
Launatengd gjöld	39.765.849	41.049.259
Starfsmannakostnaður	882.500	500.000
	<u>215.731.169</u>	<u>226.804.429</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	22,5	23,2
------------------------------	------	------

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	826.993	875.929
Ýmis tæki og áhöld	1.454.040	187.380
Varahlutir og viðhaldsvörur	307.224	1.395
Orkugjafar	1.279.047	1.506.810
Matvæli	3.149.971	2.996.005
Almennar rekstrarvörur	183.714	419.642
Vörukaup, almenn	7.200.989	5.987.161
Fundir, námskeið, risna	95.000	128.200
Ferðir, uppihald	210.500	83.550
Akstur	516.272	644.644
Sérfræðiþjónusta	2.129.029	1.434.877
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	329.567	397.320
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	378.489	398.303
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	3.202.066	3.267.400
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	6.860.923	6.354.294
Afnotagjöld	233.948	304.089
Leigugjöld	13.417.527	13.101.461
Notkun véla og flutningatækja	157.637	337.065
Verkkaup	2.044.719	2.935.399
Kostnaðarhlutdeild	5.201.588	4.387.676
Tilfærslur	90.000	138.680
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	21.145.419	21.204.370
Annar rekstrarkostnaður samtals	35.207.331	33.545.825
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	819.485	565.122
Aðrar eignir	4.052	4.052
	823.537	569.174

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	8.083.826	1.843.022
Aðrar eignir	73.845	77.897
	<u>8.157.671</u>	<u>1.920.919</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	8.569.170	100.520	8.669.690
Viðbætur á árinu	7.060.289	0	7.060.289
	<u>15.629.459</u>	<u>100.520</u>	<u>15.729.979</u>
Afskriftir 01.01.2021	6.726.148	22.623	6.748.771
Afskrift ársins	819.485	4.052	823.537
	<u>7.545.633</u>	<u>26.675</u>	<u>7.572.308</u>
Staða 31.12.2021	<u>8.083.826</u>	<u>73.845</u>	<u>8.157.671</u>

	31.12.2021	31.12.2020
9 Tengdir aðilar		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	60.940.918	34.020.555
	<u>60.940.918</u>	<u>34.020.555</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	18.212.401	1.938.998
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	1.748.859	1.156.219
	<u>19.961.260</u>	<u>3.095.217</u>

10 Handbært fé

Sjóðir	113.390	78.097
Tékkareikningar	29.786	624.762
	<u>143.176</u>	<u>702.859</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 1,7 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	2.858.970	(3.298.590)
Afkoma ársins	9.159.966	6.157.560
Jöfnuður 31.12.	<u>12.018.936</u>	<u>2.858.970</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2021	31.12.2020
12 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	23.141.487	22.420.017
Önnur ógreidd gjöld	4.263.201	4.201.643
	<u>27.404.688</u>	<u>26.621.660</u>

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	8.157.671	1.920.919
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	<u>(2.900.610)</u>	<u>2.559.679</u>
	<u>5.257.061</u>	<u>4.480.598</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	1.920.919	2.559.679	4.480.598
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	1.600.000	1.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	7.060.289	(7.060.289)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(823.537)</u>	<u>0</u>	<u>(823.537)</u>
	<u>8.157.671</u>	<u>(2.900.610)</u>	<u>5.257.061</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 1,4 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabunda skuldbindandi samninga um húsnæði. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 13,7 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.